

Gos í Eyjafjallajökli - staða 10. maí 2010 kl. 15:00.

Minnisblað frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans

Unnið af: Steinunni S. Jakobsdóttir, Gunnari Sigurðssyni, Birni Oddssyni, Sigrúnu Hreinsdóttur.

Byggt á: Jarðskjálftamælum, vatnsrennsli í Markarfljóti, GPS mælum, og MODIS gervihnattamyndum.

Gosmökkur:

Hæð (m.y.s.): er að jafnaði um 5 km skv. veðurratsjá, en fer þó stundum upp í 6 km.

Stefna: Suðaustur (skv. gervitunglamynd MODIS kl. 03:47, 13:10 og 13:23). Vindáttir eru þó breytilegri við yfirborð og hægur vindur.

Litur: Ljós grár.

Gjóskufall: Tilkynnt um öskufall á Drangshlíðar og Skarðshlíðarbæjum í Eystra Rangárþingi. Að sögn ábúenda hefuraska fallið nánast allan síðasta sólarhring. Askan er frekar grófkorna, u.þ.b. 2-3 mm að þeirra mati.

Eldingar: Engar eldingar hafa mælst seinustu vikuna.

Drunur: Engar tilkynningar.

Bræðsluvatn: Rennsli við Gígjökul hefur verið lítið undanfarna daga. Grunnrennsli Markarfljóts er ráðandi sem sést á því að reglulegar dægursveiflur eru í rennsli við Markarfljótsbrú en ekki tilviljanakenndar sveiflur vegna rennslis frá Gíghjökli eins var dagana þar á undan.

Aðstæður á gosstað: Ekkert var flogið í dag, gosvirkni virðist svipuð og í gær. Klepragígur hleðst upp í ískatlinum. Hraunrennsli er í lágmarki. Sprengivirkni jókst um hádegisbilið með aukinni gjóskuframleiðsu og hækkandi gosmekki, en var að mestu gengið niður um 15.

Órói: er stöðugur og hefur nú verið svipaður síðustu sólarhringa, svipaður á öllum tíðniböndum á næstu stöðvum.

Jarðskjálftar: Skjálftahrina varð undir Eyjafjallajökli á mill klukkan 11 og 12 í morgun. Alls mældust á fjórða tug skjálfta á stærðarbilinu M1 1 - M1 2, flestir á um 18 – 20 km dýpi. Órói á jarðskjálftamælum er nú nokkuð minni en fyrir viku síðan og því mælast minni skjálftar nú en þá. Þetta skýrir að einhverju leiti fjölda skjálftanna í morgun.

GPS-aflögun: Láréttar færslur inn að miðju Eyjafjallajökuls en óreglulegar sveiflur í hæð GPS-stöðvar næst eldstöðinni síðasta sólarhringinn.

Heildarmat: Jarðskjálftahrinan í morgun bendir til þess að enn sé kvika að koma úr möttlinum. Gosvirknin hefur gengið í bylgjum og gaf heldur í í kjölfar hrinunnar, en þó ekkert að ráði. Ekkert bendir til þess að gosinu sé að ljúka.